



Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. júní 2022, að viðmið um hámarksfjölda barna með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Gaudium ehf. vegna leikskólans Regnbogans verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 74 barna á aldrinum 12 mánaða til sex ára þar af 10 barna á aldrinum 12-18 mánaða og að framlag vegna þeirra barna verði til samræmis við samninga við sjálfstætt rekna ungarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða.

Þannig er hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna í heild óbreyttur eða 74 börn. Breytingin taki gildi 1. september 2022. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núgildandi samning Gaudium ehf. vegna eldri barna og nýjan samning við Gaudium ehf. vegna yngri barna til samræmis við framangreint sem gildi til 31. desember 2022 til samræmis við tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hvað varðar framlengingu samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík.